



Fundargerð

12. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Skaftárhrepps haldinn í fjarfundi, mánudaginn 26. janúar 2026.

Fundinn sátu:

Jóhannes Gissurarson, Elín Heiða Valsdóttir, Björn Helgi Snorrason var fjarverandi en í staðinn sat fundinn Guðmundur Vignir Steinsson, Guðbrandur Magnússon, Rúnar Þorri Guðnason, Björn Hafsteinsson, Einar Björn Halldórsson, Hlynur Torfi Torfason, skipulagsfulltrúi og Einar Kristján Jónsson, sveitarstjóri.

Fundargerð ritaði: Einar Kristján Jónsson, .

Jóhannes Gissurarson, formaður bauð fundarmenn velkomna til fundar og Hlyn Torfa, skipulagsfulltrúa velkominn á fyrsta fund sinn.

Formaður setti fundinn klukkan 10:05.

Málefni til umfjöllunar/afgreiðslu

1. 2601005 - Deiliskipulag í landi Kirkjubæjar 2

Lagt fram erindi Odds Hermannssonar landslagsarkítektis fh. landeiganda, dags. 8. janúar 2026, þar sem óskað er heimildar til hefja deiliskipulagsgerð, sbr. 2. mgr. 38. gr. skipulagslaga. Gert er ráð fyrir að deiliskipulagið takið til hluta af landi Kirkjubæjar 2, þ.e svæðis sem skilgreint er verslunar- og þjónustusvæði VP3 í Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043.

Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps, samþykkir heimild til handa landeiganda en mælist til þess að svæðið, VP3 verði deiliskipulagt í heild sinn, þ.e. 9,8 ha. verði skipulagðir, sbr. ákvæði skipulagsreglugerðar um afmörkun deiliskipulags.

2. 2601004 - Óveruleg breyting á aðal- og deiliskipulagi. Botnar frístundabyggð F7

Lögð fram tillaga að óverulegri breytingu á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043, til afgreiðslu skv. 2. mgr. 36. gr. skipulagslaga, sbr. erindi Vigfúsar Þórs Hróbjartssonar skipulagsfræðings, dags. 3. janúar 2026, fh. landeiganda. Í breytingunni felst að hámarks byggingarmagn innan svæðisins, frístundabyggðar F7 Botnar er aukið úr 500 fm í 2.610 fm. Fjöldi lóða helst óbreyttur eða 5 talsins. Fyrir liggur samþykki allra lóðarhafa og landeigenda innan svæðisins sem breytingin tekur til. Jafnframt er lögð fram tillaga að samsvarandi óverulegri deiliskipulagsbreytingu Botna, sbr. 2. mgr. 43. gr. skipulagslaga, sem skilgreinir auknar byggingarheimildir á hverri lóð innan deiliskipulagssvæðis Botna.

Skipulags- og umhverfissráð Skaftárhrepps, hefur farið yfir framlagðar breytingartillögur og leggur til við sveitarstjórn að samþykkja þær skv. 2. mgr. 36. gr og 2. mgr. 43. gr. Skipulagslaga, en með þeirri breytingu að ekki verði sett inn í deiliskipulagsskilmála heimild fyrir lausamunum á lóðum til lengri eða skemmri tíma. Fallið er frá grenndarkynningu deiliskipulagsbreytingarinnar þar sem samþykki landeiganda liggur fyrir.



3. 2511022 - Landeldi lóða umsókn

Lagt fram bréf dagsett 31. október 2025 frá Ásgeiri Erni Hlöðverssyni fyrir hönd aðila sem óska eftir lóð á Reit C, Stjórnarsandi sem er 90.000 fm lóð sem Skaftárhreppur á. Hugmyndin er á lóðinni verði starfrækt bleikjueldi, með ársframleiðslu allt að 5.000 tonnum.

Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps, samþykkir að úthluta lóðinni á Reit C, Stjórnarsandi og vísar málinu til sveitarstjórnar til staðfestingar.

4. 2511020 - Breyting á Aðalskipulagi Skaftárhrepps 2023-2043, Alviðruhamrar - nýtt hafnarsvæði

Lögð fram til afgreiðslu Skipulagslýsing vegna breytingar Alviðruhamrar - nýtt hafnarsvæði, (Efla, 13.11.2025). Við Alviðruhamra á austanverðum Mýrdalssandi er gert ráð fyrir nýju hafnarsvæði í aðalskipulagi Skaftárhrepps, með heimild til hafnargerðar, varnargarða og bygginga sem tengjast notkun hafnarinnar. Gert er ráð fyrir byggingu rörabryggju sem nær um 2 km út í sjó og um 200 m löngum viðlegukanti við enda hennar, þaðan sem verði flutt út efni úr efnistöku austan við Hafursey. Umhverfismat hafnarframkvæmdar er í vinnslu, sbr. mál nr. 307/2025 í skipulagsgátt.

Skipulags- og umhverfisráð Skaftárhrepps, hefur farið yfir framlagða skipulagslýsingu og leggur til við sveitarstjórn að kynna skipulagslýsinguna og senda til umsagnar, sbr. 1. mgr. 30. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Fundargerð yfirlesin,
fleira ekki gert,
fundi slitið kl. 11:28.

Jóhannes Gissurarson

Elín Heiða Valsdóttir

Guðmundur Vignir Steinsson

Guðbrandur Magnússon

Rúnar Þorri Guðnason

Björn Hafsteinsson

Einar Björn Halldórsson

Undirritunarsíða

Jóhannes Gissurarson



Undirritað af:
Jóhannes Gissurarson
1609625429
Dags: 26.01.2026
Tími: 13:12:04
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ee40c1cd-642f-46bd-842b-39e62febe83b

Elín Heiða Valsdóttir



Undirritað af:
Elín Heiða Valsdóttir
2710775139
Dags: 27.01.2026
Tími: 21:46:12
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ee40c1cd-642f-46bd-842b-39e62febe83b

Guðbrandur Magnússon



Undirritað af:
Guðbrandur Magnússon
0105623339
Dags: 26.01.2026
Tími: 12:39:46
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ee40c1cd-642f-46bd-842b-39e62febe83b

Rúnar Þorri Guðnason



Undirritað af:
Rúnar Þorri Guðnason
1211873379
Dags: 27.01.2026
Tími: 00:03:05
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ee40c1cd-642f-46bd-842b-39e62febe83b

Björn Hafsteinsson



Undirritað af:
Björn Hafsteinsson
1810902009
Dags: 27.01.2026
Tími: 09:02:09
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ee40c1cd-642f-46bd-842b-39e62febe83b

Einar Björn Halldórsson



Undirritað af:
Einar Björn Halldórsson
0301902629
Dags: 26.01.2026
Tími: 11:59:50
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ee40c1cd-642f-46bd-842b-39e62febe83b

Guðmundur Vignir Steinsson



Undirritað af:
Guðmundur Vignir
Steinsson
0208795139
Dags: 27.01.2026
Tími: 08:04:08
Ástæða: Samþykkt
Signet ID: ee40c1cd-642f-46bd-842b-39e62febe83b